

**Starfsleyfi  
fyrir  
Íslandslax hf.**

**Kt. 430894-2349**

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldra laga og reglugerða: lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

**1. ALMENN ÁKVÆÐI**

**1.1. Rekstraraðili**

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Íslandslax hf., kt. 430894-2349 til framleiðslu á laxi í Eyjafirði.

Íslandslax hf. er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstri stöðvarinnar getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

**1.2. Umfang starfseminnar**

Heimilt er að framleiða allt að 1.000 tonn af laxi á ári á tveimur staðsetningum við Ystuvík og Stapa í Eyjafirði.

Ystavík:

65°49'583 N  
18°04'751 V

Stapi:

65°48'375 N  
18°04'957 V

Vegna áætlana á tilfærslu eldiskvíanna eftir hverja eldislotu er fyrirhuguð staðsetning á hornpunktum þess svæðis sem ráðgert er að nota eftifarandi:

65°49'653 N                  65°49'653 N  
18°05'220 V                  18°04'486 V

65°48'305 N                  65°48'305 N  
18°05'337 V                  18°04'083 V

### **1.3. Mengunarvarnir**

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni við mengunarvarnir fyrir starfsemina eins og hún er skilgreind í reglugerð nr. 785/1999 og nánar er lýst í norrænni skýrslu um bestu fáanlegu tækni fyrir fiskeldi á Norðurlöndum (TemaNord 2005:528). Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færst á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir).

### **1.4. Breytingar á rekstri**

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær.

### **1.5. Stöðvun rekstrar**

Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, tækjum og eftum í samræmi við fyrirfram gerða áætlun. Áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar skal skila til Umhverfisstofnunar og annarra hlutaðeigandi eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku starfsleyfisins. Vinna skal samkvæmt neyðaráætlun, sbr. ákvæði greinar 4.5, um meðhöndlun eldisfisksins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Tilkynna skal eftirlitsaðila án tafar um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi.

### **1.6. Gangsetning rekstrar**

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að fiskeldisstöðin hafi verið tekinn í notkun aftur ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

### **1.7. Endurskoðun starfsleyfis**

Endurskoða skal starfsleyfið að jafnaði á fjögurra ára fresti sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun án óhóflegs kostnaðar skal rekstraraðili, í samráði við Umhverfisstofnun, hrinda í framkvæmd áætlun um að draga úr mengun. Ef áætlunin skilar ekki tilætuðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðun starfsleyfis sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999. Rekstraraðili skal sækja um nýtt starfsleyfi ef nauðsyn krefur að mati Umhverfisstofnunar.

## **2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS**

### **2.1. Eldisvatn og eldisbúnaður**

Rekstraraðila ber að sjá til þess að gæði eldisvatnsins uppfylli kröfur til fiskeldis. Skal það gert með takmörkunum á eigin losun og hæfilegri fjarlægð frá annarri mengandi starfsemi og byggð. Verði vart uppsöfnunar mengandi efna undir kvíunum skal rekstraraðili tilkynna Umhverfisstofnun það þegar í stað.

Rekstraraðili skal nota sjóeldiskvíar og nætur í hæsta viðurkennda gæðaflokki og með hámarksstyrk sem þróaður hefur verið fyrir starfsemina. Gengið skal tryggilega frá botnfestingum.

## **2.2. Flutningur eldiskvía vegna uppsöfnunar fóðurleifa**

Til að hindra að uppsöfnun fóðurleifa hafi áhrif á heilbrigði eldisstofnsins og umhverfið er rekstraraðila heimilt að flytja eldiskvíarnar til á svæðinu. Sama á við ef þörf krefur vegna hvers kyns yfirvofandi hættu fyrir búnað eða eldisfisk. Hafa skal samráð við eftirlitsaðila þegar kvíarnar eru fluttar til á eldissvæðinu.

## **2.3. Meðhöndlun úrgangs og spilliefna**

Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi í slíka vinnslu ef kostur er. Að öðrum kosti skal lífrænn úrgangur fluttur til viðurkenndrar förgunar. Ganga skal frá honum í þétt lokað ílát eða gáma sem losaðir eru eftir þörfum. Þrífa skal ílátin/gámana eftir notkun. Spilliefnum og lyfjaleifum skal komið til viðkenndrar spilliefna-móttöku.

## **2.4. Umgengni um mengandi efni**

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hætta á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Á öllu athafnasvæði stöðvarinnar skal gæta fyllsta hreinlætis í samræmi við kröfur eftirlitsaðila.

## **2.5. Meindýravarnir**

Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að stöðinni. Verja skal eldiskvíar gegn marglyttum eftir því sem unnt er.

# **3. INNRA EFTIRLIT FYRIRTÆKISINS OG VÖKTUN**

## **3.1. Skráningar**

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta haft áhrif á mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftifarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

- framleiðslumagn og afföll
- fóðurnotkun og fóðurgerð,
- magn og gerð hreinsiefna, sótthreinsiefna og lyfja sem notuð eru á árinu
- kvartanir vegna starfseminnar

## **3.2. Búnaður til sýnatöku**

Auðvelt skal vera að koma fyrir búnaði til sýnatöku í viðtaka og í eldiskvíum.

## **3.3. Vöktun og vöktunaráætlun**

Rekstraraðili, eða aðili á hans vegum sem Umhverfisstofnun samþykkir, skal áður en starfsemi hefst láta taka viðmiðunarsýni úr viðtaka til greiningar á mengandi efnum til síðari samanburðar. Niðurstöður viðmiðunarmælinganna skulu liggja fyrir eigi síður en þremur mánuðum eftir að starfsemi/rekstur hefst.

Taka skal síðan sýni á þriggja ára fresti, m.v. að eldissvæðið sé flokkað sem síður viðkvæmt, til greiningar á eftirtöldum eftir: NH<sub>4</sub>-N, NO<sub>2</sub>-N, NO<sub>3</sub>-N og PO<sub>4</sub>-P auk mælinga á seltu og hitastigi.

Verði vart mengunar á eldissvæðinu skal mæla viðkomandi efni árlega ásamt blaðgrænu, svifögnum, botnþörungum, súrefnismettun og botndýralífi í samræmi við samþykkt OSPAR nr. 2005-4 (*Agreement on the Eutrophication Monitoring Programme*). Fylgst skal reglulega, og ekki sjaldnar en sjötta hvert ár, með botni og samsetningu botnslífs undir sjókvíunum.

Gera skal vöktunaráætlun í samráði við Umhverfisstofnun, sbr. gr. 4.9. Í vöktunaráætlun skal m.a. vera áætlun um myndatöku af sjávarbotni og tekin botnssýni til síðari samanburðar áður en starfsemi hefst. Sýni eru greind á kostnað fyrirtækisins. Gera skal grein fyrir þessum upplýsingum í grænu bókhaldi fyrirtækisins.

### **3.4. Eftirlit með eldisbúnaði**

Rekstraraðili skal fylgjast með ástandi eldisbúnaðar og tryggja að fiskur sleppi ekki út. Reglulega skal yfirfara nætur og botnfestingar. Skal það gert með neðansjávarmyndavélum eða köfun.

### **3.5. Skýrslur til eftirlitsaðila**

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga sbr. gr. 3.1 og 3.3.

### **3.6. Grænt bókhald**

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald sbr. reglugerð nr. 851/2002, um grænt bókhald fyrir 1. maí ár hvert. Fyrsta bókhaldsár Íslandslav hf. í Eyjafirði er 2007, og fyrsti skiladagur 1. maí 2008. Þar sem um er að ræða mikil til sömu upplýsingar og krafist er samkvæmt gr. 3.5, er rekstraraðila heimilt að skila þessum upplýsingum í einni heildarskýrslu fyrir 1. mars ár hvert.

## **4. STARFSHÆTTIR**

### **4.1. Starfshættir**

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar. Í því felst að tryggja gott heilbrigðisástand eldisstofnsins og aðgerðir til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum stöðvarinnar, m.a. með góðum starfsaðferðum við fóðrun og notkun efna og lyfja svo og að draga úr losun þessara efna út í umhverfið. Fyllsta öryggis skal gætt við umferð báta í nágrenni við kvíarnar. Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra.

Rekstraraðili skal gera eftirlitsaðila grein fyrir á hvern hátt beitt er góðum starfsreglum við rekstur stöðvarinnar.

## **4.2. Umhverfismarkmið**

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Rekstraraðili skal kynna þau eftirlitsaðila við fyrstu reglulegu heimsókn í stöðina.

## **4.3. Samráðsfundur**

Rekstraraðili skal á fjögurra ára fresti boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefnda á samráðsfund til að undirbúa endurskoðun starfsleyfis. Þessir aðilar geta þó boðið oftar til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundum verði m.a. rætt um rekstur eldisstöðvarinnar, endurskoðun vöktunaráætlunar, hugsanlegar breytingar á starfsleyfi þessu svo og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áðurnefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

## **4.4. Viðbragðsáætlanir**

Rekstraraðili skal útbúa viðbragðsáætlanir til þess að taka á hugsanlegri hættu vegna braðamengunar. Tryggja skal að starfsfólk hafa fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það vinnur með og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækari. Viðbragðsáætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4.5. Tilkynning vegna mengunarslysa**

Verði óhapp eða slys sem hefur í för með sér losun mengandi efna í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun sbr. gr. 4.4, til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfi. Verði bilun í mengunarvarnabúnaði skulu þegar í stað hafnar nauðsynlegar lagfæringar. Slík atvik skal tilkynna til eftirlitsaðila sem metur hvort þörf sé frekari aðgerða. Tilkynna skal Umhverfisstofnun um tilfelli þar sem hætta er á braðamengun.

## **4.6. Neyðaráætlun**

Útbúa skal neyðaráætlun ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri eldisstöðvarinnar. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og/eða förgun eldisfisksins þann tíma sem eldisstöðin er ekki í rekstri. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

## **4.7. Umhverfi**

Halda skal athafnasvæðinu snyrtilegu. Aðgangur að eldisstöðinni skal vera takmarkaður. Fara skal þannig með allan úrgang við flutning, endurnýtingu, förgun eða aðra meðferð að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

## **4.8. Tryggingar**

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem nemur allt að 1 milljón SDR, sbr. ákvæði 16. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda.

#### **4.9. Eftirlit og fleira**

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Verði gert samkomulag um yfirtöku eftirlits samkvæmt 9. grein reglugerðar nr. 786/1999, um mengunarvarnaeftirlit, flyst það til viðkomandi aðila undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Vöktunaráætlun, viðbragðsáætlun og neyðaráætlun skulu sendar Umhverfisstofnun fyrir 1. desember 2007.

Eintak af starfsleyfi þessu skal ávallt tiltækt á eldisstað.

#### **5. GJALDSKYLDA**

Starfsemi þessi er flokkuð í 4. flokk skv. fylgiskjali 1 í reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá eftirlitsaðila. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða rökstuddra kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

#### **6. GILDISTAKA.**

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 785/1999, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til 1. september 2019.

**Reykjavík, 25. maí 2007**

**Umhverfisstofnun**

Ellý Katrín Guðmundsdóttir  
forstjóri

Sigurbjörg Gísladóttir  
forstöðumaður